

# Óveður í febrúar 2020

---

Elín Björk Jónasdóttir og Daníel Þorláksson

# Óveður í febrúar 2020

---

Elín Björk Jónasdóttir og Daníel Þorláksson

<b>Skýrsla nr.</b> VÍ 2021-002	<b>Dags.</b> Apríl 2021	<b>ISSN</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Óveður í febrúar 2020		<b>Upplag:</b> Rafræn útgáfa <b>Fjöldi síðna:</b> 32	
		<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Ingvar Kristinsson	
<b>Höfundar:</b> Elín Björk Jónasdóttir og Daníel Þorláksson		<b>Verkefnisstjóri:</b> Elín Björk Jónasdóttir	
		<b>Verknúmer:</b> 5550-0-02	
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>		<b>Málsnúmer:</b> 2021-0128	
<b>Unnið fyrir:</b>			
<b>Samvinnuaðilar:</b>			
<b>Útdráttur:</b> Föstudaginn 14. febrúar 2020 gekk mikið óveður yfir landið. Verst var verðið á sunnan- og suðvestanverðu landinu og náði veðurhæð víða fárviðrisstyrk á þeim svæðum. Gefnar voru út rauðar veðurveðaranir fyrir Suðausturland, Suðurland, Faxaflóa og Höfuðborgarsvæðið í aðdraganda veðursins og Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi almannavarna á öllu landinu. Samfélagsleg áhrif veðursins voru mikil. Samgöngur lögðust af um tíma og skólahaldi var víða frestað. Vegna vindálags á raflínur voru um 5600 heimili án rafmagns, þakplötur og klæðningar fuku og mikið tjón varð á gróðurhúsum og uppskeru í þeim á Suðurlandi. Mikil sjávarflóð urðu á Suðurnesjum og gengu grjóthnullungar yfir varnargarða í Reykjanesbæ. Veðrið var með þeim allra verstu síðustu ár á Suðausturlandi, Suðurlandi og sums staðar á sunnanverðum Faxaflóa og voru vindhraðamet slegin á fjölmörgum sjálfvirkum veðurstöðvum. Veðurspár, einkum fyrir vind og hita, gengu mjög vel eftir en úrkomuspár voru mesti óvissuþátturinn.			
<b>Lykilorð:</b> Aftakaveður, viðvaranir		<b>Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:</b>	
		<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
		<b>Yfifarið af:</b> SG, GNP	

# Efnisyfirlit

1	Yfirlit .....	4
2	Aðdragandi og þróun veðursins.....	5
3	Veðurspár og viðvaranir .....	9
3.1	Lengri aðdragandi (3–7 dagar).....	9
3.2	Skemmri aðdragandi (0–48 klst):.....	10
3.2.1	Miðvikudagur 12. febrúar.....	10
3.2.2	Fimmtudagur 13. febrúar.....	12
3.2.3	Föstudagur 14. febrúar.....	14
4	Yfirlit yfir veðurathuganir og samfélagsleg áhrif.....	16
4.1	Veðrið á Höfuðborgarsvæðinu.....	16
4.1.1	Höfuðborgarsvæðið 13. til 14. febrúar .....	17
4.2	Veðrið á Suðurlandi og Suðausturlandi .....	18
4.2.1	Suðurland, undir Eyjafjöllum .....	18
4.2.2	Suðurland vestan Þjórsár .....	19
4.2.3	Suðurland austan Þjórsár .....	20
	Suðausturland .....	21
4.3	Veðrið við sunnanverðan faxaflóa .....	22
4.4	Samskipti.....	23
5	Lokaorð.....	24
	Viðauki .....	25
I.	Lengri aðdragandi, spá fyrir föstudaginn 14. febrúar úr fjöldægru: .....	25
II.	Skemmri aðdragandi, svæðisskiptar spár fyrir landið:.....	26



# 1 Yfirlit

Föstudaginn 14. febrúar 2020 gekk mikið óveður yfir landið. Verst var veðrið á sunnan og suðvestanverðu landinu og náði veðurhæð víða fárviðrisstyrk á þeim svæðum. Gefnar voru út rauðar veðurviðvaranir fyrir Suðausturland, Suðurland, Faxaflóa og Höfuðborgarsvæðið í aðdraganda veðursins og Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi almannavarna á öllu landinu.

Samfélagsleg áhrif veðursins voru mikil. Samgöngur lögðust af um tíma og skólahaldi var víða frestað. Vegna vindálags á raflínur voru um 5600 heimili án rafmagns, þakplötur og klæðningar fuku og mikið tjón varð á gróðurhúsum og uppskeru í þeim á Suðurlandi. Mikil sjávarflóð urðu á Suðurnesjum og gengu grjóthnullungar yfir varnargarða í Reykjanesbæ. Veðrið var með þeim allra verstu síðustu ár á Suðausturlandi, Suðurlandi og sums staðar á sunnanverðum Faxaflóa og voru vindhraðamet slegin á fjölmörgum sjálfvirkum veðurstöðvum.


Veðurspár í aðdraganda veðursins voru með eindæmum stöðugar og sást veðrið fyrst í spám ECMWF (European Centre for Medium-Range Weather Forecasts) 8 dögum áður en það gekk yfir.

Viðvörðunarkerfi Veðurstofunnar nýttist mjög vel í þessum aðstæðum og var gefin út gul viðvörðun fyrir allt landið að morgni 11. febrúar, viðvörðuninni var síðan fylgt eftir með ábendingum um að viðvörðunarstig yrði hækkað. Samskipti við hagsmunaaðila gengu að mestu vel en vefur Veðurstofunnar lá niðri á milli kl. 10 og 23 fimmtudaginn 13. febrúar sem varð til þess að upplýsingum um viðvaranir og veðurspár þurfti að koma á framfæri í gegnum aðra miðla, s.s. samfélagsmiðla, á samráðsfundum og í fjölmiðlum.


Veðurspár, einkum fyrir vind og hita gengu mjög vel eftir en úrkomuspár voru mesti óvissuþátturinn. Úrkomu var vel spáð á Suðausturlandi og Suðurlandi þar sem varað var við hríð, en á höfuðborgarsvæðinu var úrkomuspáin, og einkum spá um úrkomutegund ekki jafn áreiðanleg.

## 2 Aðdragandi og þróun veðursins

Miðvikdaginn 12. febrúar 2020 myndaðast djúp lægð skammt austur af Nýfundnalandi. Kjöraðstæður voru til dýpkunar og dýpkaði lægðin hratt á leið sinni til norðausturs að sunnanverðu landinu. Snemma föstdaginn 14. febrúar var hún dýpst 935 hPa, skammt suður af Dyrhólaey. Lægðin hreyfðist þá hægt til norðurs og tók að grynast en skömmu fyrir hádegi var hún næst Reykjanesi og veðrið í hámarki. Lægðin gekk síðan til vesturs, grynntist enn meir og veðrið gekk smám saman niður.




*Mynd 1: Yfirlitskort sem sýnir stöðu lægðarinnar á Atlantshafi á hádegi þann 13. febrúar*




*Mynd 2: Yfirlitskort sem sýnir stöðu lægðarinnar á Atlantshafi á hádegi þann 13. febrúar*

Háloftavindar báru rakt og hlýtt loft úr suðri til móts við mjög kalt loft vestur af Grænlandi. Dýpkun lægðarinnar átti sér stað á skilunum þar sem loftmassarnir mættust. Mikið riðuójafnvægi (e. baroclinic instability) var til staðar ásamt mættisiðu (e. potential vorticity). Sterkir háloftavindar báru lægðina hratt frá Nýfundnalandi til Íslands og dýpkaði hún um 36 hPa frá því kl. 18 þann 12. febrúar til kl. 18 þess 13.




Mynd 3: Kort sem sýnir þykkt (litir) og hæð (línur) 500 hPa flatarins þann 13. febrúar kl. 12




Mynd 4: Kort sem sýnir mættisiðu á mættisflæti 315K þann 13. febrúar kl.12


Aðfaranótt föstudagsins 14. febrúar jókst vindur úr austri jafnt og þétt og þykknaði einnig upp með snjókomu á sunnan og suðaustanverðu landinu. Veðrið náði hámarki um morguninn með ofsaveðri um sunnanvert landið og hafði þá hlýnaði nægilega mikið til að úrkoma félli sem rigning.




Mynd 5: Greiningarkort af Íslandi kl. 03 föstudaginn 14. febrúar



Mynd 6: Greiningarkort af Íslandi kl. 09 föstudaginn 14. febrúar.




Mynd 7: Mesti vindhraði (m/s) á landinu frá klukkan 02 til 03 föstudaginn 14. febrúar.




Mynd 8: Mesti vindhraði (m/s) á landinu frá klukkan 09 til 10 föstudaginn 14. febrúar.

Meðalvindur í byggð varð mestur kl.10 að morgni 14. febrúar, 19,4 m/s (sjá mynd 8) og er það sambærilegt við tvö stórviðri sem gengu yfir árið 2015, annað í mars en hitt í desember. Vindhviðumet var sett á sjálfvirku stöðinni á Stórhöfða, 57,5 m/s og mesta vindhviða við Hafnarfjall mældist 71,0 m/s. Hafa ber í huga að vindmælir Vegagerðarinnar við Hafnarfjall er í 6m hæð en ekki 10m hæð eins og á veðurstöðvum Veðurstofunnar og vindhraðinn því ekki alveg sambærilegur. Fárviðri mældist á fjölmörgum stöðvum á Suðausturlandi, Suðurlandi og Faxaflóa. Talsvert mældist af eldingum á Suðausturlandi kjölfar skilanna og var gefin út gul viðvörun vegna eldinga á spásvæðinu. Ekki er vitað til þess að eldingarnar hafi valdið tjóni.




Mynd 9: Kort sem sýnir mældar eldingar 14. febrúar 2020.



Mynd 10 Viðvaranir í gildi fyrir Suðausturland 14. febrúar.






*Mynd 11: Hitamynd úr Meteosat-11 veðurtungli EUMETSAT. Inni í rauða hringnum sjást steðjaský sem valda eldingum og gengu þau inn á Suðausturland.*

## 3 Veðurspár og viðvaranir


### 3.1 Lengri aðdragandi (3–7 dagar)

Veðurspár gengu almennt vel eftir og var langtímaspáin sérstaklega áreiðanleg. Fimmtudaginn 6. febrúar sást hvöss suðaustanátt í spám ECMWF (European Centre for Medium-Range Weather Forecasts) fyrir föstudaginn 14. febrúar. Þegar fyrsta spá fyrir föstudaginn 14. febrúar var gefin út þann 7. febrúar var útlit fyrir hvassa austanátt sem myndi síðar snúast í sunnanátt. Dagana 8. og 9. febrúar var nokkur breytileiki í spánum en þó var alltaf útlit fyrir einhverskonar sunnan eða austlægan storm.

Veðurspár VÍ eru byggðar að mestu á háupplausnarkeyrslu ECMWF sem og safnspám sömu stofunnar. Veðurfræðingar líta þó einnig til GFS (Global Forecast System) spár NCEP (National Center for Environmental Predictions). Háupplausnaspár HARMONIE-AROME herma veðrið þegar það er nær í tíma en 66 klst. Tvær slíkar keyrslur eru gerðar fyrir Ísland, í fyrsta lagi keyrir Veðurstofan líkanið fyrir Ísland, hér eftir Harmonie-VÍ, og í öðru lagi keyrir Danska veðurstofan aðra útgáfu af líkaninu fyrir Ísland og Grænland (IGB), hér eftir Harmonie-IGB. Þessar spár nýtast einnig við gerð fyrsta dags í fjöldægru. Miðvikudaginn 12. september lágu fyrir fyrstu keyrslur úr báðum spákeyrslunum Harmonie-AROME. Harmonie-VÍ og Harmonie-IGB eru keyrðar í 2,5 km upplausn, en Harmonie-VÍ er einnig keyrt í tilraunafasa í 750m upplausn. Þær keyrslur eru styttri og kom fyrsta 750 m keyrslan í hús á fimmtudagsmorgni 13. febrúar. Reynsla spáveðurfræðinga og nokkrar úttektir benda til þess að hærri upplausn bæti vindaspár talsvert.



Mynd 12: Jafnþrýstílinur og úrkoma úr ECMWF. Upphafstími kl. 12 þann 10. febrúar og gildistími kl 12 þann 14. febrúar.



Mynd 13: Jafnþrýstílinur og úrkoma úr ECMWF. Upphafstími kl 12 þann 13. febrúar og gildistími kl. 12 þann 14. febrúar.

Viðvaranir Veðurstofunnar er gefnar út eftir CAP (Common Alerting Protocol) sniðmáti Alþjóða veðurfræðistofnunarinnar (WMO). Viðvaranirnar byggja á líkum þess að veðurspáin gangi eftir og þeim samfélagslegu áhrifum sem talið er að veðrið hafi. Á Veðurstofunni eru veðurviðvaranir gefnar út allt að 5 daga fram í tímann. Þá gjarnan þannig að almenn viðvörðun fyrir allt landið er gefin út fyrst, en þegar nær dregur og háupplausnaspár herma veðrið eru spárnar greindar niður á landshluta og viðvörðun og spá gefin út fyrir þau spásvæði sem við á.

Tafla 1: Útgefnar viðvaranir 11. febrúar 2020.

Dags.	Útsent	Litur	Spásvæði	Upphaf	Endir	Tegund
11.feb	06:44	Gulur	Allt landið	14.2.2020 03:00	14.2.2020 21:00	Vindur

*Spár gera ráð fyrir að sérlega djúp lægð nálgist landið úr suðvestri (brýstingi í lægðarmiðju er spáð niður í 930 hPa). Búast má við austlægum stormi, roki eða ofsaveðri, hvassast sunnantil á landinu framan af degi. Viða snjócoma eða slydda, úrkomumest sunnan- og austanlands. Hlýnandi veður, rigning á láglendi um landið sunnanvert og við austurströndina seinnipartinn með hita 1 til 5 stig, en vægt frost fyrir norðan. Talsvert hægari vindur á landinu um kvöldið. Viðtækar samgöngutruflanir eru líklegar, ekkert ferðveður er á meðan viðvörunin er í gildi. Líkur eru á foktjóni, sérilagi sunnantil á landinu. Fólki er bent á að sýna varkárni til að fyrirbyggja slys og festa lausamuni eins og frekast er kostur. Einnig má búast má við hárrí sjávarstöðu vegna áhlaðanda.*

Fyrstu viðvaranir voru gefnar út að morgni þriðjudagsins 11. febrúar. Þær voru gefnar út miðað við spár ECMWF en þá var gefin út gul viðvörun fyrir allt landið. Viðvörunin gildi frá því kl. 03 til 21 föstudaginn 14. febrúar.

## 3.2 Skemmri aðdragandi (0–48 klst):

Harmonie-IGB og Harmonie-VÍ eru aðallíkön spáveðurfræðinga Veðurstofunnar fyrir veðurspár allt að 66 klst fram í tímann. Viðvaranir og veðurspár voru gerðar miðað við þessi líkön frá miðvikudeginum 12. febrúar. Bæði líkönin nota háupplausnar líkan ECMWF sem jaðarskilyrði, og þegar lítið flökt er á því líkani haldast spár oftast stöðugar.

### 3.2.1 Miðvikudagur 12. febrúar

Miðvikudaginn 12. febrúar var viðbragðsáætlun VÁE-006 virkjuð og veðurfræðingum á vakt fjölgað úr 3 í 4. Áfram var einn veðurfræðingur á næturvakt. Veðurfræðingar EoS og ÚR héldu samráðsfund fyrir hádegi til að undirbúa viðvaranir og upplýsingagjöf til hagsmunaaðila á samráðsfundi kl. 14. Á samráðsfund fundinn mættu fulltrúar Almannavarna, Vegagerðarinnar, ISAVIA, Landsbjargar ásamt hinum ýmsu sérfræðingum Veðurstofunnar.

Farið var yfir veðurspánna og þá afleiddu vá sem veðrið gæti framkallað. M.a. var rætt um snjóflóð og sjávarflóð en ölduhæð var spáð 10–11 metrum við suðurströndina, bæði við Þorlákshöfn og Grindavík. Samgöngutruflanir vegna vinds og hríðar voru ræddar, sem og líkur á ísingu á raflínur. Ákveðið var að hækka viðvörunarstig á öllu landinu upp í appelsínugulan, en eins og sjá má á töflu 2 var ýmist varað við vindi eða hríð.


Viðvaranir voru landshlutaskiptar og gefnar út á milli kl. 15:30 og 16:15. Eins voru viðvaranir látnar hækka og lækka um viðvörunarstig innan spásvæða ef ástæða þótti til. Landspá sem skrifuð er tvisvar sinnum á sólahring er skrifuð með spár til miðnættis næsta dag í huga. Spáin fyrir föstudaginn var því ekki komin inn í landshlutaspánna, þó búið væri að skipta viðvörunum upp á spásvæði.

Tafla 2: Útgefnar viðvaranir síðdegis 12. febrúar 2020.

Dags.	Útsent	Litur	Spásvæði	Upphaf	Endir	Tegund
12.feb	16:07	Gulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 02:00	14.2.2020 05:00	Vindur
12.feb	16:06	Appelsínugulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 05:00	14.2.2020 16:00	Vindur
12.feb	16:07	Gulur	Suðurland	13.2.2020 22:00	14.2.2020 01:00	Vindur
12.feb	16:07	Appelsínugulur	Suðurland	14.2.2020 01:00	14.2.2020 15:00	Vindur
12.feb	16:08	Gulur	Suðurland	14.2.2020 15:00	15.2.2020 06:00	Hríð
12.feb	16:08	Gulur	Faxaflói	14.2.2020 03:00	14.2.2020 05:00	Vindur
12.feb	16:08	Appelsínugulur	Faxaflói	14.2.2020 05:00	14.2.2020 21:00	Vindur
12.feb	16:08	Appelsínugulur	Breiðafjörður	14.2.2020 08:00	15.2.2020 04:00	Hríð
12.feb	16:09	Appelsínugulur	Vestfirðir	14.2.2020 06:00	15.2.2020 06:00	Hríð
12.feb	16:09	Appelsínugulur	Strandir og Norðurland vestra	14.2.2020 06:00	15.2.2020 04:00	Vindur
12.feb	16:09	Gulur	Norðurland eystra	14.2.2020 10:00	14.2.2020 22:00	Hríð
12.feb	16:09	Appelsínugulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 11:00	14.2.2020 17:00	Hríð
12.feb	16:09	Gulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 17:00	15.2.2020 02:00	Hríð
12.feb	16:30	Appelsínugulur	Austfirðir	14.2.2020 06:00	14.2.2020 23:00	Hríð
12.feb	16:11	Gulur	Suðausturland	14.2.2020 02:00	14.2.2020 05:00	Vindur
12.feb	16:11	Appelsínugulur	Suðausturland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 16:00	Hríð
12.feb	16:10	Gulur	Suðausturland	14.2.2020 16:00	14.2.2020 23:59	Vindur
12.feb	16:11	Appelsínugulur	Miðhálandið	14.2.2020 03:00	14.2.2020 22:00	Vindur

Helstu óvissuþættir veðursþánna voru úrkomumagn og úrkomutegund, einkum á SV-hluta landsins, þar með talið á höfuðborgarsvæðinu. Báðar Harmonie keyrslurnar spáðu þurru á SV-horninu en spáin frá ECMWF spáði snjókomu eða slyddu. Ýktir úrkomuskuggar eru þekktir í Harmonie spánum sem olli talsverðri óvissu um dreifingu úrkomunnar. Niðurstaðan varð sú að vara við vindi á Suðurlandi og Faxaflóa en hríð á Suðausturlandi. Samfélagsleg áhrif veðursins voru talin mjög mikil bæði vegna veðurhæðar en einnig þar sem versta veðrið gekk yfir á háannatíma á virkum degi.





Mynd 14: Vindspá úr HARMONIE-VÍ með upphafstíma 12. feb. klukkan 06 og gildistíma 14. feb. klukkan 10


Mynd 15: Spá um úrkomumagn og úrkomutegund með upphafstíma 12. feb. kl. 06 og gildistíma 14. feb. kl. 10

### 3.2.2 Fimmtudagur 13. febrúar


Að morgni fimmtudags, 13. febrúar höfðu spár lítið breyst. Appelsínugular viðvaranir voru í gildi fyrir alla landshluta ásamt gulum viðvörðunum í aðdraganda veðursins og sums staðar í lok þess líka. Veðurfræðingar hittust á fundi sín á milli fyrir hádegi og ræddu áhrif veðursins. Tilraunakeysrlur Harmonie-VÍ með 750 m upplausn voru komnar í hús og sýndu þær snjókomu á Höfuðborgarsvæðinu meiri í samræmi við háupplausnarkeysrluna af ECMWF. Allar háupplausnaspár gerðu ráð fyrir ofasaveðri á Suðausturlandi, en einnig mikilli úrkomuákefð og stórhrið þar í talsverðan tíma sem talin var geta haft töluverð samfélagsleg áhrif. Mjög sviptivindasamt er víða á Suðausturlandi og íbúar þar vel undir mikla veðurhæð búnir, en hrið er ekki jafn algeng. Því þótti líklegt að hriðin mynd jafnvel hafa meiri áhrif en vindurinn. Ákveðið var að leggja til við Almannaþingina að hækka viðvörðunarstig vegna hriðar á Suðausturlandi í rauða.

Á Suðurlandi var útlit var fyrir ofsaveður með snjókomu í fyrstu, en spáð var talsvert minni úrkomu þar en á Suðausturlandi. Vindspáin gerði ráð fyrir fávíðri í vindstrengjum sum staðar, og sviptuð spá var fyrir sunnanverðan Faxaflóa. Þar sem stærstu byggðakjarnarnir við Faxaflóa eru sunnan til, þar með talið Höfuðborgarsvæðið, var einnig lagt til við almannaþingina að Suðurland, Faxaflói og Höfuðborgarsvæðið skildu einnig hækkuð í rauða viðvörðun.

Reiknað var með að það yrði mjög hvasst á höfuðborgarsvæðinu, einkum í hverfum sem þarsem austanátt er óhagstæð, en þó ekki jafn hvasst og annarstaðar á sunnanverðu Faxaflóasvæðinu eða Suðurlandi. Samdóma álit veðurfræðinga var að spá um vind væri á mörkum þess að krefjast rauðrar viðvörðunar á höfuðborgarsvæðinu en tímasetning veðursins var þó á háanna-tíma á virkum degi. Helsta óvissan fyrir höfuðborgarsvæðið var fólgin í úrkomuspánni, bæði var óvissa um úrkomumagn og tegund. Áfram var varað við miklum áhlaðanda, ölduhæð og sjávarflóðum við suðurströndina.



Mynd 16: Jafnþrýstílinur og úrkoma úr ECMWF. Upphafstími kl. 00 þann 13. febrúar og gildistími kl 06 þann 14. febrúar



Mynd 17: Jafnþrýstílinur og úrkoma úr Harmonie-VÍ. Upphafstími kl. 06 þann 13. febrúar og gildistími kl 06 þann 14. febrúar

Þau tvö líkön sem veðurfræðingar hafa hvað mesta reynslu af gáfu til kynna tvær gjörólíkar sviðmyndir varðandi úrkomuna á suðvesturlhuta landsins. ECMWF spáði mikilli hríð á höfuðborgarsvæðinu um morguninn á meðan HARMONIE-VÍ sýndi enga úrkomu suðvestan til á landinu. Talið var að ECMWF væri að ofspá úrkomu en HARMONIE-VÍ að vanspá. Ekkert líkan sýnir vel flutning vegna skafrennings og byggja þær spár einkum á reynslu veðurfræðinga, en þegar að vindur er mjög hvass getur skafrenningur flutt snjó langar leiðir. Þar sem það voru talsverðar líkur á hríð, og þar með ófærð, á höfuðborgarsvæðinu samhliða miklum vind sem að myndi að öllum líkum valda foktjóni var lagt til að rauð viðvörðun skyldi gefin út fyrir höfuðborgarsvæðið. Reynsla veðurfræðinga frá aftakaveðrinu á Aðventu 2019 gáfu einnig til kynna að úrkomu í 750 m tilraunakeyrlu Harmonie-VÍ gæti komið að góðum notum, sú spá renndi frekari stöðum undir spá ECMWF.

Á samráðsfund klukkan 14 mættu fulltrúar frá Almannavörðunum, Slökkviliðsstjóra Höfuðborgarsvæðisins, Vegagerðinni, Veðurvaktinni, ISAVIA, Slysavarnafélaginu Landsbjörg ásamt veðurfræðingum, ofanflóðasérfræðingum og fleiri starfsmönnum Veðurstofunnar. Farið var yfir veðurspár, útgefnar viðvaranir og áætlanir um breytingar. Fram kom að Ríkislögreglustjóri hefði þegar lýst yfir óvissustigi á öllu landinu vegna veðursins.

Eftir umræður var ákveðið að tillaga veðurfræðinga VÍ um að hækka viðvörðunarstig á Höfuðborgarsvæðinu, Faxaflóa, Suðurlandi og Suðausturlandi samþykkt. Rauðar viðvaranir voru gefnar út klukkan rúmlega 15 þann 13. febrúar og tóku þær fyrstu gildi klukkan 05 þann 14. febrúar og giltu fram á hádegi. Á flestum spásvæðum var tröppugangur í viðvörðunum sem endurspegladi aðdraganda og eftirmála versta veðursins.

Vefur Veðurstofu Íslands var að mestu óvirkur frá því kl. 9:30 að morgni fimmtudagsins 13. febrúar. Villa kom upp í gagnagrunni sem olli því að spár uppfærðust ekki og eftir hádegi varð vefurinn og þar með viðvörðunarsíðan alveg óvirk. Bilanagreining og viðgerð gekk langt fram á kvöld, en viðvaranir tóku að birtast í gegnum varaleið eftir kl. 19. Fram að því var uppfærðum viðvörðunum og veðurspám miðlað í gegnum samfélagsmiðla VÍ og Almannavarna, og einnig fóru vakthafandi veðurfræðingar í mikinn fjölda viðtala í fjölmiðlum. Bilun sem þessi eykur álag á símsvörðun mjög mikið en með samstilltu átaki símavardar VÍ, náttúruvársérfræðinga og veðurfræðinga ásamt samskiptastjóra tókst að koma skilaboðunum um hættulegt veður á framfæri og ólíklegt telst að viðvaranirnar hafi farið fram hjá nokkrum manni. Vefurinn varð aftur virkur seint að kvöldi 13. febrúar.

Tafla 3: Útgefnar viðvaranir 13. febrúar 2020.

Dags.	Útsent	Litur	Spásvæði	Upphaf	Endir	Tegund
12.feb	16:07	Gulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 02:00	14.2.2020 05:00	Vindur
13.feb	08:50	Appelsínugulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 05:00	14.2.2020 07:00	Vindur
13.feb	17:14	Rauður	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 07:00	14.2.2020 11:00	Vindur
13.feb	15:35	Appelsínugulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 11:00	14.2.2020 15:00	Vindur
12.feb	16:07	Gulur	Suðurland	13.2.2020 22:00	14.2.2020 01:00	Vindur
13.feb	15:29	Appelsínugulur	Suðurland	14.2.2020 01:00	14.2.2020 05:00	Vindur
13.feb	15:29	Rauður	Suðurland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 12:00	Vindur
13.feb	15:30	Appelsínugulur	Suðurland	14.2.2020 12:00	14.2.2020 14:00	Vindur
12.feb	16:08	Gulur	Suðurland	14.2.2020 15:00	15.2.2020 06:00	Hríð
13.feb	15:53	Gulur	Faxaflói	14.2.2020 01:00	14.2.2020 04:00	Vindur
13.feb	15:33	Appelsínugulur	Faxaflói	14.2.2020 04:00	14.2.2020 06:00	Vindur
13.feb	15:33	Rauður	Faxaflói	14.2.2020 06:00	14.2.2020 12:00	Vindur
13.feb	15:32	Appelsínugulur	Faxaflói	14.2.2020 12:00	14.2.2020 18:00	Vindur
13.feb	15:53	Appelsínugulur	Breiðafjörður	14.2.2020 05:00	14.2.2020 23:00	Hríð
13.feb	08:53	Appelsínugulur	Vestfirðir	14.2.2020 05:00	14.2.2020 23:00	Hríð
13.feb	08:54	Appelsínugulur	Strandir og Norðurland vestra	14.2.2020 05:00	15.2.2020 04:00	Vindur
13.feb	08:54	Gulur	Norðurland eystra	14.2.2020 08:00	14.2.2020 21:00	Hríð
13.feb	08:55	Appelsínugulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 09:00	14.2.2020 17:00	Hríð
13.feb	08:56	Gulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 17:00	14.2.2020 22:00	Hríð
12.feb	16:30	Appelsínugulur	Austfirðir	14.2.2020 06:00	14.2.2020 23:00	Hríð
13.feb	15:28	Appelsínugulur	Suðausturland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 06:00	Hríð
13.feb	15:29	Rauður	Suðausturland	14.2.2020 06:00	14.2.2020 11:00	Hríð
13.feb	15:28	Appelsínugulur	Suðausturland	14.2.2020 11:00	14.2.2020 13:00	Hríð
13.feb	09:02	Gulur	Suðausturland	14.2.2020 13:00	14.2.2020 23:59	Vindur
12.feb	16:11	Appelsínugulur	Miðhálandið	14.2.2020 03:00	14.2.2020 22:00	Vindur

### 3.2.3 Föstudagur 14. febrúar

Einn veðurfræðingur er almennt á næturvakt, en aðfaranótt föstudags var þeim fjölgað í tvo. Spár breyttust lítið en viðvaranir voru uppfærðar í samræmi við nýjustu spár. Skilaboð til almennings breyttust ekki, eingöngu tímasetningar á stöku spásvæðum breyttust.

Fyrsta gula viðvörðunin tók gildi klukkan 22 á fimmtudagskvöld, vegna vaxandi austanáttar og snjókomu. Strax þá um kvöldið var fjöldahjálparstöð í Vík opnuð og vegir tóku að lokast. Aðfaranótt föstudags hvessti enn meira og varð víða foktjón, einkum í Vestmannaeyjum og í uppsveitum á Suðurlandi.

Um nóttina varð veðurfræðingur á vakt var við fjölda eldinga sem mældust í skilunum suðaustur af landinu. Talsverð ókyrrð var í skilunum og studdu spár mat veðurfræðings að eldingarnar myndi ná inn á Suðausturland. Gefin var út athugasemd veðurfræðings snemma morguns og eftir að dagvaktin mætti var gul viðvörðun vegna eldinga á Suðausturlandi var gefin út til viðbótar við aðrar viðvaranir.



Tafla 4: Útgefnar viðvaranir að morgni 14. febrúar 2020.

Dags.	Útsent	Litur	Spásvæði	Upphaf	Endir	Tegund
13.feb	23:52	Gulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 02:00	14.2.2020 05:00	Vindur
13.feb	23:52	Appelsínugulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 05:00	14.2.2020 07:00	Vindur
13.feb	23:52	Rauður	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 07:00	14.2.2020 11:00	Vindur
13.feb	23:52	Appelsínugulur	Höfuðborgarsvæðið	14.2.2020 11:00	14.2.2020 15:00	Vindur
14.feb	00:05	Gulur	Suðurland	13.2.2020 22:00	14.2.2020 01:00	Vindur
14.feb	00:05	Appelsínugulur	Suðurland	14.2.2020 01:00	14.2.2020 05:00	Vindur
14.feb	00:05	Rauður	Suðurland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 12:00	Vindur
14.feb	00:04	Appelsínugulur	Suðurland	14.2.2020 12:00	14.2.2020 14:00	Vindur
14.feb	00:04	Gulur	Suðurland	14.2.2020 14:00	14.2.2020 21:00	Vindur
14.feb	00:18	Gulur	Faxaflói	14.2.2020 01:00	14.2.2020 04:00	Vindur
14.feb	00:18	Appelsínugulur	Faxaflói	14.2.2020 04:00	14.2.2020 06:00	Vindur
14.feb	00:18	Rauður	Faxaflói	14.2.2020 06:00	14.2.2020 12:00	Vindur
14.feb	00:18	Appelsínugulur	Faxaflói	14.2.2020 12:00	14.2.2020 17:00	Vindur
13.feb	15:53	Appelsínugulur	Breiðafjörður	14.2.2020 05:00	14.2.2020 23:00	Hríð
14.feb	00:20	Appelsínugulur	Vestfirðir	14.2.2020 05:00	14.2.2020 23:00	Hríð
14.feb	00:18	Appelsínugulur	Strandir og Norðurland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 22:00	Vindur
14.feb	00:18	Gulur	Norðurland eystra	14.2.2020 08:00	14.2.2020 20:00	Hríð
14.feb	00:25	Appelsínugulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 09:00	14.2.2020 17:00	Hríð
14.feb	00:25	Gulur	Austurland að Glettingi	14.2.2020 17:00	14.2.2020 20:00	Hríð
12.feb	16:30	Appelsínugulur	Austfirðir	14.2.2020 06:00	14.2.2020 23:00	Hríð
14.feb	15:28	Appelsínugulur	Suðausturland	14.2.2020 05:00	14.2.2020 06:00	Hríð
13.feb	15:29	Rauður	Suðausturland	14.2.2020 06:00	14.2.2020 11:00	Hríð
14.feb	08:15	Gulur	Suðausturland	14.2.2020 10:00	14.2.2020 14:00	Eldingar
14.feb	00:04	Appelsínugulur	Suðausturland	14.2.2020 12:00	14.2.2020 14:00	Vindur
14.feb	00:04	Gulur	Suðausturland	14.2.2020 14:00	14.2.2020 21:00	Vindur
12.feb	16:11	Appelsínugulur	Miðhálandið	14.2.2020 03:00	14.2.2020 22:00	Vindur

Vindurinn var í hámarki á föstudagsmorguninn og bárust fljótlega fréttir af miklu foktjóni, þá einkum á þeim svæðum þar sem viðvaranir voru rauðar. Talsvert snjóaði um nóttina en hiti fór yfir frostmark heldur fyrr en spár gerðu ráð fyrir og lítið snjóaði syðra eftir 09.

Mikið dó úr vindi sunnan til á landinu um og upp úr hádegi en þá tók að hvesa um norðanvert landið og varð nokkuð foktjón þar, einkum í Skagafirði. Áfram dró úr veðrinu með deginum og runnu síðustu viðvaranir út aðfaranótt laugardags. Viðvaranir voru aðlagðar eftir þörfum, og síðdegis var gulri viðvörðun bætt aftan við appelsínugula viðvörðun á Austfjörðum.


## 4 Yfirlit yfir veðurathuganir og samfélagsleg áhrif

### 4.1 Veðrið á Höfuðborgarsvæðinu


Eins og áður kom fram var helsta óvissan í veðurspánum spá um úrkomumagn og úrkomutegund á höfuðborgarsvæðinu. Vindaspáin var óhagstæð, en þó ekki þannig að ein og sér myndi hún duga til þess að færa viðvörunarstig upp á rautt. Þegar við bættist að bæði ECMWF og 750 m tilraunakeyrsla Harmonie-VÍ gerðu ráð fyrir snjókomu á háannatíma um morguninn var ákveðið að hækka í rauðan þar sem samlegðaráhrif veðursins voru orðin mjög mikil.

Á Höfuðborgarsvæðinu var veðrinu mjög misskipt. Talsvert foktjón varð í Grundarhverfi á Kjalarnesi og fauk mælirinn á Skrauthólum. Vindur var lengi yfir 25 m/s á Geldinganesi en ekki er vitað til þess að mikið tjón hafi orðið í Grafarvogi. Mælirinn var líklega að sýna vindstreng sem var yfir sjó en náði tæplega inn á land. Vindur fór einnig yfir 20 m/s við Korpu og á Seltjarnarnesi. Foktjón varð í Smárahverfinu í Kópavogi. Ekkert líkananna hermdi verra veður þar en annars staðar. Tjónnæmið getur komið til af ýmsum ástæðum en líklega hefur veður staðbundið orðið verra þar í næstu hverfum.

Mikil óvissa var í úrkomumagni og úrkomutegund á Höfuðborgarsvæðinu. Eins og fyrri myndir sýndu voru tvær mjög ólíkar sviðsmyndir í þeim líkönum sem spáveðurfræðingar hafa hvað mesta reynslu af. Þegar að 750 m tilraunakeyrslan af Harmonie-VÍ með upphafstíma klukkan 06 kom um hádegi fimmtudaginn 13. febrúar hermdi hún veðrið á þann veg að það yrði hríð á Höfuðborgarsvæðinu í tæpa sex tíma, þ.e. fram á hádegi þess 14. febrúar. Veðurathuganir fyrir Reykjavíkurflugvöll sýna hins vegar að það snjóaði um tíma um nóttina fyrir en spáð var og að úrkoman varð að slyddu snemma um morguninn. Mesta úrkoman var svo gengin niður áður en vindhraðinn náði hámarki.




Mynd 18: Úrkoma og úrkomutegund úr 750 m Harmonie-VÍ með upphafstíma kl. 06 þann 13. febrúar og gildistíma kl.12. þann 14. febrúar



Mynd 19: Viðvörunarkortið á vedur.is eins og það leit út þann 13. febrúar

Miðað við það foktjón sem varð á Kjalarnesi, og eins það tjón sem varð í hinum ýmsu hverfum svæðisins, þá sérstaklega í Smárahverfi verður ekki annað sagt en að rauð viðvörun hafi átt rétt á sér. Vissulega var veðrinu þó misskipt innan borgarinnar. Það er hins vegar óraunhæft að ætla að gefa út viðvaranir með mismunandi viðvörunargildi fyrir ákveðin hverfi borgarinnar og því eðlilegt að gefa hæsta stig viðvörunar fyrir svæði þar sem líkur eru taldar á mjög miklum áhrifum vegna veðurs.


#### 4.1.1 Höfuðborgarsvæðið 13. til 14. febrúar



Mynd 20: Mestur vindur mældist á Skrauthólum á Kjalarnesi (skrau) en þar fauk vindmælir eftir að vindhviða mældist meira en 55 m/s. Vindi var annars misskipt en næstu stöðvar voru Geldinganes (geldn) og Seltjarnarnes (selsu), enda lítið skjól á þeim slóðum. Vindátt var suðaustlæg en um leið og skilin gengu yfir síðdegis þann 14. snerist hún til suðurs. Hiti hækkað jafnt og þétt frá fimmtudeginum 13. febrúar, og var kominn upp fyrir frostmark á öllum stöðvum rétt eftir miðnætti þann 14. en lækkaði svo aftur í skamma stund þegar úrkoma byrjaði. Úrkoman var að mestu leyti rigning. Aðrar stöðvar á línuritinu eru Viðidalur (vidal), Veðurstofan (reitr), Reykjavíkurlflugvöllur (rflug) og Korpa (korpa). Mynd: Guðrún Nina Petersen.


## 4.2 Veðrið á Suðurlandi og Suðausturlandi

### 4.2.1 Suðurland, undir Eyjafjöllum



Mynd 21: Veðurathuganir frá Suðurlandi, undir Eyjafjöllum. Vatnsskarðshólar (vskho), Önundarhorn (onund), Reynisfall (reyni), Markarfljót (marka), Hvammur undir Eyjafjöllum (hvamm), og Steinar undir Eyjafjöllum (stein). Mynd: Guðrún Nína Petersen.


## 4.2.2 Suðurland vestan Þjórsár



Mynd 22: Veðurathuganir frá Suðurlandi, vestan Þjórsár. Eyrarbakki (eyrar), Þingvellir (tingv), Selfoss (sfoss), Harðarland (hard), Skálholt (skalh) og Lyngdalsheiði (lyngh). Mynd: Guðrún Nina Petersen.




### 4.2.3 Suðurland austan Þjórsár



Mynd 23: Veðurathugningir á Suðurlandi, austan Þjórsjár. Kálfhóll (kalfh), Hella (hella), Árnes (arnes), Mörk á Landi (morla) og Þjórsárbrú (tjors). Mynd: Guðrún Nina Petersen.

Á Suðurlandi og Suðausturlandi óx vindur smám saman frá fimmtudagskvöldi 13 febrúar, en mikið fljótlega eftir miðnætti. Hitastigið náði frostmarki á sama tíma eftir að hafa verið undir frostmarki dagana á undan, en úrkoma, einkum á Suðausturlandi féll á forni snjókomu.


## Suðausturland



Mynd 24: Veðurathuganir á Suðausturlandi. Fagurhólmsmýri (fagho), Höfn í Hornafirði (hofnh), Kirkjubæjarklaustur (Klaus), Kvísker (kvisk) og Mýrdalssandur (mysand). Mynd: Guðrún Nina Petersen.

Flestum vegum á sunnanverðu landinu var lokað. Talsvert foktjón var, en mest var foktjónið á Suðurlandi þar sem gróðurhús fuku og eins víðar á suðvestanverðu landinu. Maður slasaðist í Hvalfirði þegar að þakplata fauk á hann. Um 5600 heimili og vinnustaðir voru án rafmagns, einkum á Suður- og Suðausturlandi vegna vindálags og eldinga. Þök og klæðningar fuku víða af byggingum og sökk báturinn Blátindur í Vestmannaeyjahöfn. Þá gengu grjóthnullungar yfir varnargarða og á golfvöllinn í Grindavík.

### 4.3 Veðrið við sunnanverðan Faxaflóa



Mynd 25: Veðurathuganir frá Suðurnesjum og Reykjaneskaga, Keflavíkurflugvöllur (kefla), Garðskagi (garsk), Straumsvík (strau), Reykjanesbraut (rbrau) og Selvogur (selvg). Mynd: Guðrún Nína Petersen.

Mjög hvasst var og mikill áhlaðandi sjávar við suðurströndina en einnig á Suðurnesjum. Sjávarflóð varð í Garði og flettist malbik af Ægisgötu í Reykjanesbæ þegar að sjóvarnargarður grýttist upp og stórir grjóthnullungar gengu á land bæði í Reykjanesbæ og á golfvöllinum í Grindavík.

Vindhraði var mjög hár yst á Reykjanesi, 18-28 m/s, og vindhviður snarpar einkum á Keflavíkurlflugvelli og á Garðskaga. Ekki varð vart við mikla úrkomu, en bæði fréttist af foktjóni og tjóni vegna sjávarflóða.

#### 4.4 Samskipti

Hugleiðingar veðurfræðings er pistill sem yfirleitt fær mjög mikla dreifingu í fjölmiðjum á hverju morgni. Oftast er um að ræða umræðu um veðrið næsta sólahring en þar er einnig oft rætt um veðrið næstu daga, einkum ef stórviðri eða veður sem gætu haft samfélagsleg áhrif eru í kortunum. Fyrstu upplýsingar um veðrið komu fram í pistlinum þann 11. febrúar og á sama tíma var gefin út gul viðvörðun fyrir landið. Pistillinn fékk mikla dreifingu í fjölmiðlum og umfjöllun um veðrið og afleiðingar þess gáfu bæði almenningi og viðbragðsaðilum tækifæri til að undirbúa sig og lágmarka tjón.

Viðvörðunarkerfið sannaði gildi sitt enn og aftur. Brýnt er að ráðast í frekari þróun á kerfinu til að bæta upplýsingaflæði og nákvæmni spáa, og liggur þá helst á að koma inn frjálstri teikningu viðvörðunarsvæða svo hægt sé að afmarka betur þau svæði sem verst verða úti í ofsaveðrum sem þessu. Vefur Veðurstofunnar var ekki virkur mestan hluta 13. febrúar. Þannig var ekki hægt að miðla viðvörðunum eða spám um vefinn og myndræn framsetning viðvarana eftir að sunnanvert landið var hækkað á rautt skilaði sér ekki frá Veðurstofunni. Slíkt er með öllu óviðunandi og þarf að ráðast í aðgerðir koma í veg fyrir bilanir sem þessar.

Með því að fjölga veðurfræðingum á vakt var hægt að sinna hverjum hagsmunaaðila s.s. Vega-gerðinni, ISAVIA og Almannavörnum sérstaklega og einnig var auðveldara um vik að sinna þeim bæði viðtölum við fjölmiðla og símtölum frá almenningi. Slíkt var enn mikilvægara þegar vefurinn hætti að virka. Fjölgu þjálfaðra spáveðurfræðinga hefur gengið betur undanfarin ár en oft áður, en lítið má út af bregða til að mannekla komi upp á ný.

## 5 Lokaorð

Það er mat starfsfólks Veðurstofu Íslands að mjög vel hafi gengið að spá fyrir um og vara við óveðrinu sem gekk yfir landið þann 14. febrúar 2020. Stöðugar spár frá ECMWF urðu til þess að hægt var að vara við veðrinu með talsverðum fyrirvara. Viðvörðunarkerfi fyrir veðurviðvaranir sannaði enn og aftur gildi sitt.

Þær háupplausnaspár sem hafa verið þróaðar á Veðurstofunni og í samvinnuverkefnum við erlenda aðila nýttust mjög vel, en af óvissu í úrkomuspám fyrir Reykjavík má álykta að talsvert megi bæta úrkomuspár. Þá kom bætt upplausn í 750m spánni sér mjög vel í vindaspám og er það álit spáveðurfræðinga að huga megi að rekstrarhæfum keyrslum í hærri upplausn, einkum þegar útlit er fyrir stórviðri sem þetta.

## Viðauki

### I. Lengri aðdragandi, spá fyrir föstudaginn 14. febrúar úr fjöldægru:

2020-02-07 20:53:42.0

Útlit fyrir hvassa suðaustanátt með snjókomu og hlýnandi veðri.

2020-02-08 08:27:53.0

Útlit fyrir suðaustan storm með snjókomu og slyddu og síðar rigningu, en þurrt lengst af NA-lands. Hlánar á landinu.

2020-02-08 21:11:44.0

Útlit fyrir suðaustan storm með snjókomu og slyddu. Hiti um eða yfir frostmarki.

2020-02-09 08:38:27.0

Útlit fyrir austan storm með snjókomu, slyddu eða rigningu, einkum A-lands. Hiti um eða yfir frostmarki. Hlánar.

2020-02-09 21:02:17.0

Austan stormur með snjókomu eða slyddu, en rigningu syðst um kvöldið. Hiti um eða yfir frostmarki S-til, en vægt frost N-lands.

2020-02-10 09:02:35.0

Austan stormur með snjókomu eða slyddu og rigningu syðst seinnipartinn, en þurrt fyrir norðan framan af degi. Dregur úr vindi um kvöldið og nóttina. Hlánandi S-lands, en minnkandi frost fyrir norðan.

2020-02-10 21:31:48.0

Austan stormur, rok eða ofsaveður, hvassast sunnantil á landinu framan af degi. Víða slydda eða snjókoma, úrkomumest sunnan- og austanlands. Hlýnandi veður, rigning á láglendi um landið sunnanvert og við austurströndina undir kvöld með hita 1 til 5 stig, en vægt frost fyrir norðan. Talsvert hægari vindur á landinu um kvöldið.

2020-02-11 08:25:59.0

Austan stormur, rok eða ofsaveður, hvassast sunnantil á landinu framan af degi. Víða slydda eða snjókoma, úrkomumest sunnan- og austanlands. Hlýnandi veður, rigning á láglendi um landið sunnanvert og við austurströndina undir kvöld með hita 1 til 5 stig, en vægt frost fyrir norðan. Talsvert hægari vindur á landinu um kvöldið.

2020-02-11 21:25:27.0

Austan stormur, rok eða ofsaveður, hvassast sunnantil á landinu framan af degi. Víða slydda eða snjócoma, úrkomumest sunnan- og austanlands. Hlýnandi veður, rigning á láglendi um landið sunnanvert og við austurströndina undir kvöld með hita 1 til 5 stig, en vægt frost fyrir norðan. Talsvert hægari vindur víðast hvar á landinu um kvöldið.

2020-02-12 08:26:50.0

Austanstormur, -rok eða ofsaveður, hvassast S-lands framan af degi. Víða slydda eða snjócoma, úrkomumest SA-lands. Hlýnandi veður og fe að rigna við S- og A-ströndina undir kvöld með hita 1 til 5 stig þar, en annars vægt frost. Dregur talsvert úr vindi um kvöldið, en áfram stórhrið NV til.

2020-02-12 21:37:14.0

Austanátt, víða rok eða ofsaveður, en fárvíðri í vindstrengjum á sunnanverðu landinu fyrir hádegi. Víða slydda eða snjócoma, úrkomumest sunnan- og austanlands. Hlýnandi veður, rigning á láglendi um landið sunnanvert og við austurströndina undir kvöld með hita 1 til 5 stig, en vægt frost fyrir norðan. Dregur talsvert úr vindi um kvöldið, en áfram stórhrið norðvestantil á landinu.

## II. Skemmri aðdragandi, svæðisskiptar spár fyrir landið:

**Höfuðborgarsvæðið**, útgáfutími: 2020-02-13 05:36:01.0

Gengur í austan 10–15 m/s í dag með björtu veðri og frosti 2 til 7 stig. Hvessir í kvöld og nótt, austan 20–28 undir morgun, hvassast austantil á svæðinu í efri byggðum. Snjócoma eða slydda með köflum og hiti kringum frostmark. Snýst í suðaustan og síðar sunnan 13–20 seinnipartinn á morgun með rigningu og hita 2 til 5 stig. Lægir seint annað kvöld og úrkomulítið.

**Landspá**, útgáfutími: 2020-02-13 10:15:46.0

### **Suðurland**

Hægt vaxandi austanátt og þykkar upp, 15–23 m/s seint í kvöld, hvassast syðst og dálítill snjócoma þar. Dregur úr frosti. Hvessir enn í nótt, og gengur í austan 23–28 m/s í fyrramálið með snjókomu eða slyddu, sums staðar vindstrengir 28–33 m/s. Dregur úr vindi undir hádegi og suðaustan og síðar sunnan 13–20 og rigning síðdegis. Hiti 1 til 6 stig.

### **Faxaflói**

Hægt vaxandi austanátt og þykkar upp, 13–20 seint í kvöld, hvassast syðst. Hvessir enn í nótt, austan 23–28 m/s og snjócoma með köflum eða skafrenningur í fyrramálið, en 23–33 í vindstrengjum. Frost 0 til 5 stig. Dregur úr vindi eftir hádegi, snýst í sunnan og síðar suðvestan 13–20 með rigningu eð slyddu. Hiti 1 til 6 stig.

### **Breiðafjörður**

Hægt vaxandi austanátt og bjartvíðri, 10–18 m/s og skýjað með kvöldinu. Hvessir enn í nótt, 20–28 m/s og snjócoma eða skafrenningur með morgninum. Frost 0 til 5 stig. Dregur úr vindiseint um daginn, suðaustan 10–18 og slydda eða rigning um kvöldið. Hiti 0 til 5 stig.

### **Vestfirðir**

Norðaustan 8–13 m/s og bjartviðri, en bætir í vind seinni partinn, austan 13–18 í kvöld. Hvessir enn í nótt, norðaustan 23–30 m/s og snjócoma eða skafrenningur í fyrramálið, einkum N til. Frost 1 til 6 stig. Lægir seint annað kvöld, fyrst S til með hita kringum frostmark.

### **Strandir og norðurland vestra**

Austan 3-8 m/s og bjartviðri, en bætir í vind í kvöld og nótt, austan 23-30 m/s og víða snjócoma eða skafrenningur í fyrramálið. Minnkandi frost. Snýst í sunnan 10-15 um kvöldið með slyddu og hita kringum frostmark.

### **Norðurland eystra**

Suðaustlæg átt, 3–10 m/s og léttskýjað, en hvessir og þykkar upp í nótt, 20–28 m/s og skafrenningur eða snjócoma í fyrramálið. Minnkandi frost. Snýst í sunnan og suðvestan 13–18 og rofar til seint um kvöldið. Frost 0 til 5 stig.

### **Austurland að Glettingi**

Hæg bretyileg átt og léttksýjað, en vaxandi austanátt og þykkar upp í nótt og dregur úr frosti, 23–28 m/s og snjócoma með morgninum, en hægari vindur um kvöldið og slydda eða rigning við ströndina. Snýst í suðvestan 10-15 og rofar til seint annað kvöld. Hiti kringum frostmark.

### **Austurland**

Norðan 3-8 m/s og léttksýjað, en vaxandi austanátt og þykkar upp í nótt og dregur úr frosti, 20-28 m/s og snjócoma með morgninum, en slydda eða rigning á láglendi síðdegis. Snýst í suðvestan 13-20 og rofar til seint annað kvöldið. Hiti 0 til 5 stig.

### **Suðausturland**

Vaxandi austanátt og þykkar upp, 13–20 m/s og dálítill snjócoma í kvöld, hvassast í Mýrdal og við Örafajökul. Hvessir enn í nótt, austan 20–25 og snjócoma undir morgun, en síðar 28–33 og slydda eða rigning. Dregur talsvert úr vindi og úrkomu upp úr hádegi, suðvestan 10–18 og lítilsháttar væta með með kvöldinu. Hiti 1 til 6 stig.

### **Miðhálandið**

Hægt vaxandi austanátt og þykkar upp, 13–23 m/s í kvöld, hvassast og él syðst. Hvessir enn í nótt, austan 28–35 m/s og snjócoma undir morgun. Fer að draga úr vindi eftir hádegi, fyrst S til. Suðvestan 13-23 og él um kvöldið. Dregur smám saman úr frosti, 1 til 6 stig annað kvöld.

### **Höfuðborgarsvæðið, útgáfutími: 2020-02-13 10:25:41.0**

Hægt vaxandi austanátt, 13-20 m/s og þykkar upp seint í kvöld. Frost 0 til 5 stig. Austan 20-28 m/s undir morgun, hvassast í efri byggðum og með norðurströndinni, snjócoma eða slydda með köflum og hiti kringum frostmark. Snýst í suðaustan og síðar sunnan 13–20 með rigningu seinni partinn og hita 2 til 5 stig. Lægir seint annað kvöld og rofar til.

### **Höfuðborgarsvæðið, útgáfutími: 2020-02-13 15:33:44.0**

Vaxandi austanátt, 13-20 m/s og þykkar upp seint í kvöld. Frost 0 til 5 stig. Austan 20–28 m/s undir morgun, hvassast í efri byggðum og með norðurströndinni, snjócoma eða slydda með köflum og hiti kringum frostmark. Snýst í suðaustan og síðar sunnan 13–20 með rigningu seinni partinn og hita 2 til 5 stig. Lægir seint annað kvöld og rofar til.



**Landspá, útgáfutími:** 2020-02-13 22:00:02.0

### **Suðurland**

Ört vaxandi austanátt, minnkandi frost og dálítill snjókoma. Austan 25–35 m/s seint í nótt með snjókomu eða slyddu. Dregur úr vindi undir hádegi. Suðaustan og síðar sunnan 15–23 og rigning síðdegis, hiti 1 til 6 stig. Lægir meira og úrkomulítið annað kvöld.

### **Faxaflói**

Vaxandi austanátt og þykkar upp, austan 23–35 undir morgun, hvassast í vindstrengjum sunnan Borgarfjarðar. Snjókoma með köflum eða skafrenningur, hlýnandi veður. Dregur úr vindi eftir hádegi, snýst í sunnan 15–23 með rigningu og hita 1 til 6 stig. Lægir seint annað kvöld og úrkomulítið.

### **Breiðafjörður**

Vaxandi austanátt, 20–28 í fyrramálið, snjókoma með köflum og skafrenningur. Frost 0 til 5 stig. Snýst sunnan 15–23 með rigningu annað kvöld og hita 0 til 5 stig, en lægir um miðnætti.

### **Vestfirðir**

Ört vaxandi norðaustanátt í nótt, 23–30 og snjókoma og skafrenningur með morgninum. Frost 1 til 5 stig. Snýst í mun hægari sunnanátt seint annað kvöld, með hita kringum frostmark.

### **Strandir og norðurland vestra**

Vaxandi austanátt í nótt, 23–30 á morgun, snjókoma með köflum og skafrenningur. Minnkandi frost. Snýst í sunnan 10–18 annað kvöld með slyddu og hita kringum frostmark.

### **Norðurland eystra**

Vaxandi austlæg átt í nótt, 20–28 og snjókoma eða skafrenningur á morgun. Minnkandi frost. Snýst í sunnan og suðvestan 13–18 og rofar til seint annað kvöld með hita um frostmark.

### **Austurland að Glettingi**

Vaxandi austnátt í nótt og dregur úr frosti. Austan 20–28 og talsverð snjókoma eða slydda á morgun. Dregur úr vindi seint á morgun, suðvestan 13–18 og rofar til annað kvöld með hita 0 til 4 stig.

### **Austurland**

Vaxandi austanátt, 20–28 og talsverð snjókoma í fyrramálið, en slydda eða rigning á láglandi eftir hádegi. Snýst í suðvestan 13–20 og rofar til annað kvöldið. Hiti 0 til 5 stig.

### **Suðausturland**

Ört vaxandi austanátt, 25–35 undir morgun og talsverð snjókoma og síðar slydda. Dregur talsvert úr vindi og úrkomu upp úr hádegi, suðvestan 10–18 og lítillsháttar væta með kvöldinu. Hiti 1 til 6 stig.

### **Miðhálandið**

Ört vaxandi austanátt 28–35 m/s og snjócoma undir morgun. Fer að draga úr vindi eftir hádegi, fyrst S til. Suðvestan 13–23 og él annað kvöld. Dregur smám saman úr frosti, 1 til 6 stig annað kvöld.

### **Höfuðborgarsvæðið, útgáfutími: 2020-02-13 23:20:05.0**

Ört vaxandi austanátt, 20–30 m/s undir morgun, hvassast í efri byggðum. Snjócoma og síðar slydda með köflum, hlýnandi veður. Fer að draga úr vindi kringum hádegi, snýst í suðaustan og síðar sunnan 13–20 seinnipartinn með rigningu og hita 2 til 5 stig. Lægir seint annað kvöld og smáskúrir.

### **Höfuðborgarsvæðið, útgáfutími: 2020-02-14 05:48:04.0**

Veðurhorfur á höfuðborgarsvæðinu. Austan 20–30 m/s. Snjócoma og síðar slydda með köflum, hlýnandi veður. Fer að draga úr vindi kringum hádegi, snýst í suðaustan og síðar sunnan 13–20 seinnipartinn með rigningu og hita 2 til 5 stig. Lægir seint í kvöld og smáskúrir. Gengur í austan og norðaustan 13–20 eftir hádegi á morgun og rigning af og til.

### **Landspá, útgáfutími: 2020-02-14 09:59:11.0**

#### **Suðurland**

Austan 25–35 m/s og rigning. Dregur úr vindi með deginum, suðlæg átt 15–23 undir kvöld. Lægir og styttir upp í nótt, en gengur í austan 15–23 um hádegi á morgun með dálítilli rigningu. Hiti 1 til 6 stig. Hægari annað kvöld.

#### **Faxaflói**

Austan 23–35 og dálítli rigning, hvassast í vindstrengjum sunnan Borgarfjarðar. Dregur úr vindi eftir hádegi og snýst í sunnan 15–23 með rigningu. Lægir og styttir upp í nótt en gengur í norðaustan 15–20 seinni partinn á morgun með stöku skúrum. Hita 1 til 6 stig.

#### **Breiðafjörður**

Austan 20–28 og slydda eða snjócoma með köflum. Frost 0 til 5 stig. Snýst sunnan 15–23 með rigningu í kvöld, en lægir og styttir upp í nótt. Gengur í norðaustan 15–20 síðdegis á morgun með stöku skúrum. Hiti 0 til 5 stig.

#### **Vestfirðir**

Norðaustan 23–30 og snjócoma og skafrenningur. Frost 1 til 5 stig. Snýst í mun hægari sunnanátt með dálítilli slyddu seint í kvöld og hita kringum frostmark. Gengur í norðaustan 15–20 með snjókomu á köflum og kólnandi veðri eftir hádegi á morgun.

#### **Strandir og Norðurland vestra**

Austan 23–30, snjócoma með köflum, skafrenningur og vægt frost. Snýst í sunnan 10–18 í kvöld með slyddu og hita kringum frostmark, og hægari og þurr í nótt. Norðaustan 10–18 og snjócoma á köflum seinni partinn á morgun og frystir aftur.

### **Norðurland eystra**

Austan 20-28, snjókoma og vægt frost. Snýst í sunnan og suðvestan 10–18 og rofar til seint í kvöld með hita um frostmark. Hægari og þurr í nótt, en norðaustan 10–15, dálítill snjókoma síðdegis á morgun og kólnar í veðri.

### **Austurland að Glettingi**

Austan 20-28 og talsverð snjókoma eða slydda. Dregur úr vindi seinnipartinn, suðvestan 13–18 og rofar til í kvöld. Suðlæg átt 3-8 og þurr snemma á morgun, en austan 10–15 og ringing síðdegis. Hiti 0 til 4 stig.

### **Austurland**

Austan 20–28 og talsverð eða mikil snjókoma, en slydda eða rigning á láglendi eftir hádegi. Snýst í suðvestan 13–20 og rofar til í kvöld og lægir í not. Austan 10–15 og talsverð rigning seinni partinn á morgun. Hiti 0 til 5 stig.

### **Suðausturland**

Austan 25–35 og mikil slydda. Dregur talsvert úr vindi og úrkomu upp úr hádegi, suðvestan 10-18 og lítilsháttar væta með kvöldinu og lægir í nótt. Austan og norðaustan 18-23 m/s um hádegi á morgun, en hægari astantil. Rigning og hiti 1 til 6 stig.

### **Miðhálandið**

Austan 28-35 m/s og snjókoma. Fer að draga úr vindi eftir hádegi, fyrst sunnantil. Suðvestan 13-23 og él í kvöld, en hægari og þurr í nótt. Austan og norðaustan 15–23 uppúr hádegi á morgun með snjókoma á köflum. Frost 0 til 6 stig.

### **Höfuðborgarsvæðið, útgáfutími: 2020-02-14 11:39:05.0**

Austanátt, víða 18–25 m/s og rigning með köflum, en dregur úr vindi með deginum, suðlæg átt 10–18 í kvöld. Talsvert hægari og þurr í nótt, en gengur í austan og norðaustan 13–20 eftir hádegi á morgun með dálítilli rigningu. Hiti 1 til 5 stig.